



Rut Rebekka

Myndlist

Valtýr Pétursson

Í vestursalnum hálfum að Kjarvalsstöðum hefur Rut Rebekka Sigurjónsdóttir efnt til sýningar á verkum sínum. Rut Rebekka hélt litla einkasýningu á verkum sínum í Bókasafninu í Mosfellssveit fyrir rúmu ári, ef ég hef ekki ruglast í ríminu. En þessi sýning er sú fyrsta þar sem hún sýnir verulegt magn af

myndum sínum. Hún hefur einnig haldið eina sýningu í Danmörku, en þessi sýning á Kjarvalsstöðum er hennar frumraun í okkar augum.

Rut Rebekka hefur nokkuð fengist við grafík og nú má sjá grafík hennar og málverk hangandi í samhengi í vestursalnum. Ég skrifaði nokkrar línur um grafík Rutar Rebekku, þegar hún var á ferð í Mosfellssveit, og nú verð ég ekki fyrir vonbrigðum hvað þá grein snertir á sýningu Rutar. En hún fer nokkuð geyst

af stað í oliulitum sínum og vinnur í stóra og víðáttumikla fleti, sem sumir hverjir vilja ráða sér sjálfir, eftir því sem best verður séð. Það er gamla sagan; fólk færir mik í fang af áráðni og dugnaði, en litir og form, í hvaða mynd sem er, eru viðsjálir hlutir og eiga það til að verða ofviða, sérstaklega fólki, sem er að hefja sinn feril á þessari erfiðu braut. Persónulega fannst mér skemmtilegast að kynnst verkum Rutar Rebekku, sem eru No. 8 til 13 á þessari sýningu og bera heitið „Hver er ég?“ og það sem snerti mig mest af stærri verkum hennar voru No. 16 „Veður í aðsigi“ og No. 18, eitt besta málverkið á þessari sýningu, sem einnig er nokkuð stórt og heitir „Milli lands og manns“. Myndröð af konum með hatta er þarna einnig og þar bregður fyrir ýmsum áhrifum frá eldri meisturum, og er það í samræmi við mótun listakunnar. Ég hafði skemmtun af þeim verkum.

Hér er dugmikil listakona í mótun, sem að visu er enn nokkuð óráðin. Hún hefur betri lit-sjón en formtilfinningu og er það algengt hjá þeim, sem leggja fyrir sig myndlist. Fjörutíu og þrjú verk eru á þessari sýningu, og eru þau unnin í olíu, akryl og grafík. Ég held að ég verði að halda mig við þá skoðun sem áður varð mótuð í huga mínum, að Rut Rebekka eigi sér meiri framtíð í grafískum verkum en sjálfu olíumálverkinu. Það þarf að minnsta kosti að verða ákveðnari þróun hjá henni á því sviði til að hægt sé að tala um verulegan árangur. En því er ekki haldið fram, að slíkt sé óhugsandi. Allt tekur sinn tíma, þrátt fyrir atorku og dugnað.

Í Gallerí Borg

Ung prestsmaddama norðan frá Hólmavík er komin til borgarinnar og hefur opnað sýningu á myndverkum sínum. Hún heitir Ásdís Sigurþórsdóttir, hefur stundað nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lokið prófi þaðan úr grafíkdeild. Hún hefur stundað sáldþrykk á eigin verkstæði síðan vorið 1981, og er þetta önnur einkasýning Ásdísar.

Á þessari sýningu eru 13 málverk og 28 litlar myndir, gerðar með blandaðri tækni. Þetta er ekki mjög veikamikil sýning og hefur óneitanlega nokkuð viðvaningslegan blæ. Þarna kemur fyrst og fremst í ljós, að listakonan ræður miklu betur við litlu myndirnar og þá tækni, sem hún notfærir sér við þá myndgerð. Það er ekki ofsagt, að sumar þeirra séu gæddar nokkrum þokka og verki forvitnilegar, en olíumálverk Ásdísar verka svolitíð takmarkað og á stundum hvergi sannfærandi í sínum surrealistíska búningi, sem er mjög áberandi í þeim skáldskap sem um er að ræða. Þessar myndir eru að visu snyrtilegar og högværar í litameðferð. Efnið nokkuð misjafnt eins og sjá má af titlum, sem ég bendi á: Kona með steinhjarta, Ég—þú, 17. júní og Í djúpi nætur. Af smámyndunum er önnur saga, þar kemur fram miklu ákveðnari listakona, sem er á skáldlegan hátt með efni og innihald. Sannast að segja fannst mér miklu meira til þessarar litlu verka koma en alls annars á þessari sýningu.

Ég sá einhvers staðar á prenti, að prestsfrúin væri erotik í þessum verkum, hvað um það? Ung kona á besta aldri, en eftir að hafa séð þessar myndir verð ég að furða



Ásdís Sigurþórsdóttir

mig á þeirri yfirlýsingu. Sannast sagna fann ég hvergi neitt sem átti skylt við þessa mannlegu kennd og ekkert var eftir af þessari auglýsingu, nema ómerkilegt þvaður. Það er að mínum dómi ekkert athugavert við þessi verk frá Ásdísar og væri það heldur ekki þótt allt væri fullt af erotik í þessum verkum.

Það verður að nægja að sinni að láta í ljósi nokkra von um, að Ásdís Sigurþórsdóttir fái næði og tækifæri til að vinna af enn meiri alvöru og tilfinningu að myndverkum sínum, hvort heldur um er að ræða málverk eða grafík, en ég get ekki stillt mig um að benda henni vinsamlega á, að blönduð tækni virðist vera henni meira innan handar en annað það, sem hún sýnir í Gallerí Borg að sinni.

MALLORKA

– Sólskin og sjór!
3.– 17. apríl



15 daga Páskaferð

Verð frá kr. 24.900.-
(pr. mann 2 í stúdíó)
50% Barnaafsláttur.

Dagflug: Flogið frá Keflavík til Palma kl. 10 að morgni. Þar sem gist verður á íbúðarhótelunum Royal Playa de Palma, Royal Torrenova og Royal Jardin del Mar, sem fjöldi íslendinga er að góðu kunn.

Sólin skín, sjórinn er volgur og næturlífið er á fullu. Þetta verður ferð sem hvílir og byggir upp alla fjölskylduna.

Fáir vinnudagar tapast. Komið til Keflavíkur kl. 20 að kvöldi.

ATLANTIK



Umboð á Íslandi fyrir
DINERS CLUB
INTERNATIONAL

FERÐASKRIFSTOFA, IÐNAÐARHÚSINU HALLVEIGARSTÍG 1, SÍMAR 28388 – 28580